# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

**RLTK2RB05**

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Karl K. Þórhallsson, karl.thorhallsson@fss.is<br>Sverrir Gunnarsson, sverrir.gunnarsson@fss.is. |  |
| **Viðtalstími** | Karl, miðvikudaga kl: 9:15-10:10<br>Sverrir, kl 14:00 – 14:40 fimmtudaga<br>(hafa samband við skrifstofu). |  |
| **Námsefni** | Rafbok.is og efni frá kennara. | |
| **Áfangalýsing** | Megin áhersla áfangans felur í sér að nemendur tileinki sér lestur og teikningu raflagnateikninga. Þeir fá þjálfun í að teikna og lesa úr raflagnateikningum og lögð áhersla á lagnir að og með 63 Amper. Farið verður í staðalákvæði og öryggisþætti við frágang raflagnateikninga. Nemendur læra að rissa teikningu af raflögn. Þá er þeim kennt að gera magntöluskrá og meta kostnað við lagningu raflagna samkvæmt raflagnateikningu. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 í lokaeinkunn og skila öllum verkefnum<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Stöðumat og verkefni | 40% |
| Hlutapróf | 40% |
| Lokaverkefni | 20% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.<br>Ekki er tekið við teikningum sem eru ekki teiknaðar með reglustiku og skapalóni.<br>Skiladagssetningar koma fram á inna.is  Ekki er tekið við verkefnum seinna en 4 dögum eftir skiladagssetningu. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Umkvörtun vegna vitlaust skráðrar mætingar þarf að berast kennara innan viku. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | Í þessum áfanga er unnið markvisst að því að efla faglæsi nemenda á táknkerfi, teikningar og tæknilegar upplýsingar. Lögð er rík áhersla á sköpun og lausnamiðaða hugsun þar sem nemendur hagnýta þekkingu sína í raunhæfum verkefnum. Sjálfbærni og fagleg vinnubrögð eru fléttuð inn í námið með áherslu á skynsamlega nýtingu efnis og varanlegar lausnir. Öryggi er ætíð í forgrunni til að tryggja heilbrigði og velferð í vinnuumhverfinu. Lýðræði og mannréttindi birtast í því að ríkt samráð er haft við nemendur; þeim er tryggt rými til að veita ábendingar, eiga uppbyggilegt samtal við kennara um tímasetningar á verkefnum og prófum. Loks er jafnrétti lagt til grundvallar í öllu starfi, þar sem öllum eru tryggð jöfn tækifæri til að dafna og eflast sem fagaðilar í hvetjandi námsumhverfi. |

**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum um blaðstærð fyrir teikningar, mælikvarða þeirra og teikniáhöld
- íslenskum staðali um raflagnateikningar fyrir smærri neysluveitur að og með 63 A
- heitum og hugtökum raflagnateikninga
- magn- og kostnaðartöku raflagna

**Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa úr raflagnateikningum
- nýta sér hugtök og heiti sem nota þarf við gerð raflagnateikninga
- nýta sér staðlaákvæði er lúta að hönnun raflagnateikninga

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa allar nauðsynlegar upplýsingar úr raflagnateikninu svo hann geti lagt raflögn eftir þeim
- velja og ákvarða efni fyrir raflagnir í neysluveitum að og með 63 A
- meta magn og kostnað við við ofangreindar raflagnir
- framfylgja ákvæðum staðals við gerð raflagnateikninga
- rissa teikningu að smærri neysluveitu s.s. fyrir íbúð og sumarhús með teiknireglur og staðalákvæði að leiðarljósi

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| Tímasókn | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| Undirbúningur f. tíma | 16 vikur x 3 tímar x 20 mín | 16 klst. |
| Undirbúningur f. próf | 3 x 4 klst. | 12 klst. |
| **Alls** | | **92 klst. = 5 ein** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Upphaf, farið yfir tákn, teikningar, mælikvarða og blaðastærðir | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Einbýlishús, | Verkefni 004 –<br>klára blað 2 í teikningu |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Einbýlishús, rafmagnstöflur. tæknilegir tengiskilmálar skoðaðir | Verkefni 004 - klára blað 5 |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Einbýlishús, farið yfir afstöðumynd, skýringar, smáspennu og skýringar. | Verkefni 004 - klára blað 1, 3 og 4 |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Einbýlishús | |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Einbýlishús | Verkefni 006 |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Einbýlishús | |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Einbýlishús, farið yfir magntöku og hún tekin af verkefni 003 | Verkefni 003<br>Hlutapróf 1. |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Sumarhús | Verkefni 001 |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Sumarhús | Verkefni 002 |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Einbýlishús | |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Einbýlishús | RLT202 Verkefni 004 |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Iðnaðarhús, | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Iðnaðarhús | RLT202 Verkefni 002 |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Rafmagnstafla stór | |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Rafmagnstafla stór | RLT202 Verkefni 005<br>(lokaverkefni)<br>Hlutapróf 2 |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Karl K. Þórhallsson og Sverrir Gunnarsson*